

Pá er rétt, að aðiljar afli annarra þeirra gagna, sem nefnd framhaldsgagnasöfnun kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rétt er að aflað sé framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 1/1957. **Meistarafélag prentmyndasmiða og
Prentmyndasmiðafélag Íslands**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Rafmyndum h/f

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

**Dómarar samkv. 3. mgr. 39. gr.
laga nr. 80/1938, sbr. l. nr.
70/1954, Eggert Þorsteinsson og
Björn Sveinbjörnsson í stað Ein-
ars B. Guðmundssonar og Ragn-
ars Ólafssonar.**

Prentmyndasmiði. Starfræksla Klichégrafvélur ekki talin falla undir iðngreinina prentmyndasmiði.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., hafa Meistarafélag Prentmyndasmiða og Prentmyndasmiðafélag Íslands, bæði hér í bæ, höfðaði fyrir Félagsdómi með stefnu útgefni 20. júní 1957 gegn h/f Rafmyndum, hér í bænum.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1954 keypti stefndi svo-nefnda Klichégrafvél af gerðinni K-150 til gerðar prent-myndamóta. Hefur stefndi starfrækt vél þessa síðan og fram-leitt prentmyndamót, aðallega til afnota fyrir dagblaðið Tímenn, en einnig nokkuð fyrir aðra aðilja. Er vélin hefur verið í notkun hafa starfað við hana prentari eða stúlka, ekki alltaf hin sama, og stundum jafnvel einhver ihlaupa-maður.

Stefnendur telja, að starfræksla nefndrar Klichégrafvélar K-150 falli undir iðngreinina prentmyndasmíði og beri því stefnda samkvæmt ákvæðum iðnlöggjafarinnar að láta fagmenn í þeirri iðngrein framkvæma starfræksluna. Hafa stefnendur af þessu tilefni höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur,

a ð viðurkennt verði, að starfræksla Klichégrafvélarinnar K-150 falli undir iðngreinina prentmyndasmíði,
 a ð stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Halda stefnendur því fram, að framleiðsla prentmyndamóta með nefndri vél sé prentmyndasmíði, enda þótt þetta sérstaka tæki sé notað við framleiðsluna. Þá leggja þeir áherzlu á, að tilgangur iðnlöggjafarinnar sé ekki eingöngu sá, að vernda rétt þeirra, sem iðnréttindi hafa, heldur engu síður hinn, að vernda neytendur gegn því, að boðin sé fram og þeir verði að sætta sig við, að þeim sé látin í té léleg vinna. Loks bera stefnendur það fram, að faglærður prentmyndasmíður hafi aðstöðu til að ná betri árangri í gerð prentmyndamóta með vélinni en maður ófaglærður á því sviði, svo og að prentmyndasmíður mundi geta umbætt myndamót, sem vélin hefur skilað frá sér sem fullunnum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að meðferð umræddrar vélar sé svo einföld, að hver maður með venjulegu verksviti og skynjun geti lært að stjórna henni og gera með henni myndamót með því einu að lesa stuttan leiðarvísí, er vélinni hafi fylgt, eða láta sýna sér meðferð vélarinnar í nokkrar mínútur. Þarna þurfi því ekkert sérnám til. Þá hafi þekking og einstaklingseinkenni þess, sem stjórnar vélinni, engin áhrif á gerð og gæði myndamótanna, sem vélin skili frá sér. Önnur verk, sem leysa þurfi af hendi eftir að myndamótin komi frá vélinni, svo sem hreinsun myndamótanna og klipping þeirra, séu svo einföld, að ekkert sérnám þurfi til að inna þau af hendi. Telur stefndi, að af þessu sé ljóst, að gerð prentmyndamóta í Klichégrafvél hans K-150 falli ekki undir iðngreinina prentmyndasmíði.

Prentari sá, sem meðal annarra hefur unnið við umrædda vél hjá stefnda, hefur lýst í stórum dráttum fyrir dómi gerð vélarinnar, útbúnaði og meðferð hennar við notkun. Hann kveður vélina ganga fyrir rafmagni og fyrir rafmagnsstraum til hennar sé opnað með venjulegum rofa. Þá séu 4 hnappar á vélinni stilltir eftir mæli, þannig að allir hnapparnir séu við töluna 60 á mælinum. Síðan sé ljósmynd sú, er myndamót eigi að gera eftir, látin í ramma ofan á vélinni og tveir hnappar stilltir á mæli, annar eftir dekksta fleti myndarinnar, en hinn eftir ljósasta fleti hennar. Þá sé plata látin yfir ljósmyndina og síðan plastþynna, er grafa eigi myndamótið á, og þetta allt spennt fast. Þessu næst sé nál látin í „haus“ ofan á vélinni ekki ósvipað og þegar nál er látin í grammófón. „Hausinn“ sé nú látinn síga ofan á plastþynnuna og vélin sett af stað með því að snúa rofa. Fari þá „borð“ með rammanum, er haldi plastplötunni, af stað og hreyfist fram og aftur í sífellu, en „hausinn“ með nálinni hreyfist þvert á „borðið“, skref fyrir skref, unz „hausinn“ hafi farið yfir alla plastplötuna. Þá stöðvist vélin sjálfkrafa og myndamótið sé tilbúið frá hennar hendi. Síðan sé myndamótið tekið úr vélinni, hreinsað upp úr því plastsvarf með benzíni eða öðrum hreinsivökva, og loks skorið til í rétta stærð og limt á undirlag úr tré eða málm. Fram hefur komið, að vélin getur aðeins framleitt 4 stærðir prentmyndamóta.

Stefnendur hafa ekki véfengt, að framangreind verklýsing sé rétt og hún kemur heim við það, sem dómendur hafa séð við athugun vélarinnar í starfi.

Að beiðni lögmanna aðila og að tilhlutan dómsins voru á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar s.l. tveir hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir til þess að segja álit sitt um eftirgreind atriði:

„1. hvort hægt sé með eða án breytinga, að gera myndamót úr málm með Klichégrafvél þeirri, eign Rafmynda h/f, sem um ræðir í máli þessu. Og sé það hægt, að láta jafnframt í té álit á því, hvort hægt mundi að umbæta slíkt málmmyndamót, eftir að Klichégrafvélin hefur skilað því fullunnu frá sér.

2. Hvort hægt sé að umbæta plastmyndamót þau, sem vélin framleiðir, eftir að hún hefur skilað þeim fullunnum frá sinni hendi og hreinsun sú, sem lýst er í vottorði Geirs Herbertssonar, dskj. 5, hefur farið fram.
3. Loks skal afla álitssgerðar þessara sömu manna um það, hvort gæði myndamóta þeirra (í plast eða málm), sem nefnd vél framleiðir, muni að einhverju leyti geta verið undir því komin, hvort það er maður með sveins- eða meistaraþróf í prentljósmynda- eða prentmyndasmíði, sem stýrir myndamótaframleiðslu Klichégrafvélarinnar, eða það er maður ófaglærður í nefndum iðngreinum, sem framkvæmir verkið.“

Í álitssgerð, dags. 7. maí s.l., lýsa hinir dómkvöddu menn álitinu á framangreindum atriðum á þessa leið:

„Um 1. Með vél þeirri, Klichégrafgerð K-150, sem er í eign Rafmynda h/f, er með breytingum á vélinni hægt að framleiða myndamót úr málm. Það mun vera hægt að umbæta slík málmmyndamót, eftir að vélin hefur skilað þeim fullunnum frá sér, með því að nota sýrur til ætingar (ætse) eftir á.

Um 2. Ekki er hægt að umbæta plastmyndamót þau, sem vélin framleiðir, eftir að hún hefur skilað þeim fullbúnum frá sinni hendi og hreinsun þeirra hefur farið fram.

Um 3. Að okkar álitu virðist það ekki hafa áhrif á framleiðslu vélarinnar, hvort henni er stjórnað af faglærðum manni í ljósmynda- eða prentmyndasmíði, þegar um plastmyndamót er að ræða.

Ef um málmmyndamót væri hins vegar að ræða og sýruætingu á þeim, mundi faglærður maður í prentmyndasmíði nauðsynlegur til slíkrar vinnu.“

Hinir dómkvöddu menn hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest þar álitssgerð sína og gefið á henni nánari skýringar.

Því álitu, er kemur fram í 2. tölulið og fyrri hluta 3. töluliðs álitssgerðar hinna dómkvöddu manna, hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar við úrlausn málsins.

Það er fram komið, að allt til þessa hefur umrædd vél eingöngu verið útbúin og notuð til að framleiða myndamót

úr plasti. Hins vegar kemur fram í álitni hinna dómkvöddu manna, að með breytingum á vélinni væri hægt að framleiða í henni myndamót úr málm, er faglærður maður í prentmyndasmiði gæti umbætt, eftir að vélin hefði skilað myndamótunum fullnum frá sér.

Þegar öll framangreind atriði eru virt, sérstaklega, að eigi er unnt að umbæta plastmyndamót þau, er vélin framleiðir, eftir að hún hefur skilað þeim fullbúnum frá sér, að þegar um slík myndamót er að ræða, hefur það ekki áhrif á gæði myndamótanna, hvort vélinni er stjórnað af manni faglærðum í prentmyndasmiði eða ekki, og jafnframt hafðar í huga hinar öru framfarir í tækni, sem eðlilegt er að hafi frjálsræði til að þróast, þá verður ekki talið, að starfræksla umræddrar Klichégrafvélar, K-150, eins og vélin er nú útbúin til framleiðslu prentmyndamóta úr plasti eingöngu, falli undir iðngreinina prentmyndasmiði.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmyndir h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Meistarafélags prentmyndasmiða og Prentmyndasmiðafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
